

3. gr.

Ákvæði 3. mgr. 1. gr. viðauka 5 hljóði svo:

Ef um er að ræða nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir, má heimila frávik varðandi umferðarhávaða, sem nánar er fjallað um í grein 5 í þessum viðauka. Um hávaða á iðnaðarsvæðum er fjallað í grein 4 í þessum viðauka.

4. gr.

Tafla 1 í 3. gr. viðauka 5 breytist þannig:

- a) Í stað „utan við glugga“ í 1. mgr. komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.
- b) Í stað fyrirsagnar „Mesta hljóðstig utan við glugga“ komi: Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

5. gr.

Í stað „utan við glugga“ í 4. mgr. 5. gr. í viðauka 5 komi: utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlegan glugga.

6. gr.

6. mgr. 5. gr. í viðauka 5 orðist svo:

70/55 merkir að viðmiðunarkrafa um 55 dB (A) utan við opnanlegan glugga skal vera uppfyllt fyrir a.m.k. helming íveruherbergja í hverri íbúð. Annars er leyfilegt hljóðstig utan við opnanlega glugga allt að 70 dB (A).

7. gr.

Lokaákvæði 5. gr. viðauka 5 hljóði svo:

- 1) Frávik:

I	Veruleg breyting á umferðaræð í byggð sem fyrir er.
II	Nýbyggingarsvæði í eldri byggð eða endumýjun byggðar sem fyrir er.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. apríl 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

**um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum
og til fullorðinsfræðslu.**

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé til þróunarstarfs á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu. Menntamálaráðherra veitir tvisvar á ári styrki af fjárveitingu þessari til einstakra þróunarverkefna á sviði náms á framhaldsskólastigi og til fullorðinsfræðslu.

Með þróunarverkefnum er átt við tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennslu-háttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólustarfi. M.a. verði lögð áhersla á að nýta kosti upplýsingatækni við nám og kennslu.

2. gr.

Tekjur til styrkveitinga eru árlegt framlag á fjárlögum.

Ráðstöfunarfénu skal varið til:

- a) þróunarverkefna sem skilgreind eru af menntamálaráðherra að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar, sbr. 3. gr. reglna þessara.
- b) einstakra þróunarverkefna sem sótt er sérstaklega um og ekki falla undir skilgreind verkefni skv. a-lið.
- c) verkefna á sviði fullorðinsfræðslu.

Menntamálaráðherra ákveður árlega skiptingu ráðstöfunarfjárins milli ofangreindra flokka að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna ráðgjafarnefnd til tveggja ára í senn án tilnefninga. Hlutverk ráðgjafarnefndar er að skilgreina og lýsa nýjungum og umbóta-verkefnum skv. a-lið 2. gr. sem hún mælir með, áætla umfang þeirra, tímamörk og kostnað við að hrinda þeim í framkvæmd.

Ráðgjafarnefndin fjallar um umsóknir sem berast og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja. Nefndin setur sér nánari starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfestir.

4. gr.

Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki. Umsóknum skal skila á sérstökum eyðublöðum. Í umsóknum, sbr. a- og b-lið 2. gr., skal lýsa eðli, markmiðum, umfangi og framkvæmd þróunarverkefna sem sótt er um styrki til og áætla tímamörk og kostnað við framkvæmd þeirra. Jafnframt skal koma fram hvaða aðilar vinni að verkefninu sem og hvaða skóli/skólar standi að því.

Í umsóknum, sbr. c-lið 2 gr., skal gera grein fyrir eðli og umfangi þeirrar fullorðinsfræðslu sem ætlunin er að starfrækja og hverjir beri ábyrgð á henni.

5. gr.

Skólameistarar framhaldsskóla fyrir hönd skóla, kennarahópa eða einstakra kennara, samtök skóla og fagfólks í framhaldsskólum, svo og aðilar sem reka nám fyrir fullorðna sem að mati menntamálaráðherra telst hliðstætt námi á framhaldsskólastigi, geta sótt um styrki, sbr. 2. grein.

Umsóknir skulu berast fyrir 1. mars og 1. október ár hvert. Ákvörðun um úthlutun skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið og viðkomandi skólameistari gera skriflegan samning um verkefni skv. a- og b-lið 2. gr. þar sem fram kemur m.a. í hverju verkefnið er fólgið, markmið þess og lýsing á framkvæmd, skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn, sérfræðiaðstoð og skil í lok verks. Einnig skal þar tilgreindur heildarfrjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 45. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. apríl 1997.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.